

EFTIRLITSSKÝRSLA

Brim Akranesi Akranes



Dags eftirlits	23.6.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Brim Akranesi	Eftirlitsmaður	María Svavarsdóttir
Heimili	Hafnarbraut 2-4	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	541185-0389	Flokkur	Fiskimjölsværksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gísli Lyngdal Karvelsson	ÍSAT nr.	15.20.7 Mjöl og lýsisv.
Fulltrúi fyrirtækis	Jörgern Sverrisson	Staðsetning	350582,068 427101,867

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fimm frávík komu fram í eftirlitinu: 1) Olíugeymar rekstraraðila hafa ekki verið botnþykktarmældir. 2) Umhverfissupplýsingum ársins 2024 var ekki skilað á tilskildum tíma. 3) Niðurstöðum frárennismælinga ársins 2024 var ekki skilað í samræmi við ákvæði starfsleyfis. 4) Í mælingu sem var gerð 29.-30. apríl 2024 stóðst frárennissvæði ekki þær kröfur sem gerðar eru í starfsleyfi. 5) Niðurstöður lekaeftirlits á heygðum olíugeymum fylgdu ekki öðrum skráningum sem skilað var vegna ársins 2024.

Ein ábending var sett fram þess efnis að koma þarf fyrir lekabyttum í efnageymslu þar sem sápur, sótthreinsiefni o.fl. er geymt, eða hindra með öðrum hætti að efni berist í niðurfalið ef óhapp verður.

Fjögur frávík voru opin þegar eftirlitið fór fram: 1) Styrkur svifefna í frárennismælingu árið 2022 var yfir leyfilegum mörkum. 2) Saltpéturssýra og sóði eru geymd í sama rými nálægt opnu niðurfalli. 3) Niðurgrafnar olíulagnir hafa ekki verið þrýstiprófaðar síðan árið 2015. 4) Grænu bókhaldi ársins 2023 sem átti að skila fyrir 1. maí 2024 hefur ekki verið skilað.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var, þann 23. júní 2025, farið í vettvangsheimsókn í fiskimjölsværksmiðju Brims á Akranesi. Engin vinnsla var í verksmiðjunni þegar eftirlitið fór fram.

Starfsleyfi Brims á Akranesi var gefið út 4. desember 2013, og gildir til 4. desember 2029. Starfsleyfið heimilar að framleiðt sé fiskimjöl og lýsi úr fiski, afskurði og aukaafurðum. Heimilt er að framleiða úr allt að 1.000 tonnum af hráefni á sólarhring.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Borholur og nýtingarleyfi
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

1) Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
Í eftirliti árið 2024 komu fram fimm frávík. Einu þeirra var lokað í bréfi dags. 2. júlí 2024 og öðru í bréfi dags. 22. október 2024. Þrjú frávík sem komu fram í eftirliti 2024 eru því enn opin: 1) Saltpéturssýra og sóði eru geymd í sama rými nálægt opnu niðurfalli. 2) Niðurgrafnar olíulagnir hafa ekki verið þrýstiprófaðar síðan árið 2015. 3) Grænu bókhaldi ársins 2023 sem átti að skila fyrir 1. maí 2024 hefur ekki verið skilað.
Eitt frávík sem kom fram í eftirliti árið 2023 var enn opið. Styrkur svifefna í frárennismælingu árið 2022 var yfir leyfilegum mörkum.

Í eftirliti árið 2024 voru settar fram fjórar ábendingar. Brugðist hefur verið við tveimur þeirra með fullnægjandi hætti en fjallað verður um hinar ábendingarnar síðar í skýrslunni.

2) Eftirlitsmælingar og skráningar
TVN-mælingum var skilað í samræmi við kröfur í starfsleyfi. Engar athugasemdir eru gerðar við niðurstöður

mælinganna. Allir lýsisgeymar rekstraraðila voru botnþykktarmældir árið 2019 og þarf því ekki að mæla aftur fyrr en árið 2029. Í eftirliti árið 2024 var gerð ábending um að botnþykktarmæla þyrfti olúgeyma rekstraraðila. Það hefur ekki verið gert og er því skráð frávik þar um. Í eftirliti árið 2024 var skráð frávik þar sem niðurgrafnar olúlagnir höfðu ekki verið þrýstiprófaðar. Eftirlitsaðila hafa borist upplýsingar um að lagnirnar voru þrýstiprófaðar árið 2021 og er frávikinu því lokað. Grænu bókhaldi ársins 2023 var skilað þann 2. apríl 2025 og er fráviki vegna þess að græna bókhaldinu hafði ekki verið skilað, því lokað. Umhverfisupplýsingum ársins 2024 sem átti að skila til eftirlitsaðila fyrir 1. maí 2025, var ekki skilað fyrr en 20. maí 2025 og er því skráð frávik þar um. Engar athugasemdir eru gerðar við þær upplýsingar sem koma fram í umhverfisupplýsingunum. Niðurstöðum frárennslismælinga var ekki skilað eins og kveðið er á um í starfsleyfi og er skáð frávik vegna þess. Frárennslismælingar 29. til 30. apríl 2024 voru ekki gerðar í samræmi við fyrirmæli í starfsleyfi auk þess sem niðurstöður þeirra benda til að frárennslisvatnið hafi ekki staðist þær kröfur sem gerðar eru í starfsleyfi. Því er skráð frávik vegna þess. Í eftirliti árið 2024 var sett fram ábending þess efnis að niðurstöður lekæftirlits á heygðum olíutönkum skulu fylgja öðrum skráningum sem skilað er til eftirlitsaðila. Niðurstöðurnar fylgdu ekki öðrum gögnum sem skilað var vegna ársins 2024 og er því skráð frávik þar um.

3) Borholur og nýtingarleyfi

Engar borholur eru á lóð rekstraraðila og því ekki krafa um nýtingarleyfi.

4) Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Engar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti.

5) Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti

Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí mun stofnunin fara yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Hingað til hafa gögn frá rekstraraðilum í sumum tilfellum einungis verið rýnd áður en farið er í vettvangsheimsókn en það verklag hefur getað orðið til þess að gögn hafa beðið hjá stofnuninni í allt að þrjú ár án þess að þau hafi verið rýnd.

Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum til kynningar.

6) Önnur mál

Engin önnur mál voru bókuð.

7) Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Geymsla saltþétursýru og sóða er enn með sama hætti og í eftirliti 2024 og er því frávik sem var skráð í eftirliti 2024 enn opið. Farið var yfir mögulegar lausnir sem rekstraraðili hefur til skoðunar. Í efnageymslu þar sem sápur, sótthreinsiefni o.fl. er geymt, er rekstraraðila bent á að koma fyrir lekabyttum eða hindra með öðrum hætti að efni berist í niðurfall við efnageymsluna. Öryggisblöð voru til staðar og aðgengileg á báðum stöðum.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

20. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi

Þykkt botna og neðsta umfars olúgeyma rekstraraðila hefur ekki verið mæld.

Gr. 3.3. í starfsleyfi

Umhverfisupplýsingum ársins 2024 var ekki skilað á tilskildum tíma.

Gr. 3.3 og 3.2

Niðurstöðum frárennslismælinga ársins 2024 var ekki skilað í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

24. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um Niðurstöður lekaeftirlits á heygðum olúgeymum fylgdu ekki öðrum skráningum varnir gegn olúmengun frá starfsemi sem skilað var vegna ársins 2024. á landi


ÁBENDINGAR

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu þess efnis að betur þarf að tryggja, t.d. með lekabyttum eða þröskuldi, að efni sem eru geymd í efnageymslu berist ekki í niðurfall ef óhapp verður.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 14.08.2025



Freyr Ávarsson